



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2022

Egilsstaðir, mars 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2022	3
3	Framkvæmdir árið 2022	5
3.1	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	6
4	Árangursmat – skipulagning aðgerða	8
4.1	Jökuldalsheiðin.....	8
4.1.1	Vorskoðun.....	8
4.1.2	Haustskoðun.....	10
4.2	Áreyrar.....	13
5	Fundargerðir stjórnar 2022	14
5.1	Fundargerð 105.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 20.01.2022. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum.....	14
5.2	Fundargerð 106.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 27.01.2022. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum.....	15
5.3	Fundargerð 107.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 6.4.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.....	17
5.4	Fundargerð 108.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs þriðjudaginn 28.6.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.....	18
5.5	Fundargerð 109.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs mánudaginn 7.11.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.....	19
5.6	Fundargerð 110.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs þriðjudaginn 29.11.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.....	20
6	Ársreikningar	21

Töfluskrá


Tafla 1 - Umfang svæða í hekturum sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til ársins 2022.	3
Tafla 2 - Svæði sem fengu áburð árið 2022 og umfang aðgerða á hverju svæði	5

Myndaskrá


Mynd 1 - Magn áburðar dreift (í tonnum) á árunum 2003-2022	4
Mynd 2 - Magn fræs notað (í kg) á árunum 2003-2022.....	4
Mynd 3 - Ábornir hektarar á árunum 2003-2022	4

Mynd 4 - Botnahraun og nágrenni. Hér var borið á yngstu svæðin	6
Mynd 5 - Brú og nágrenni	7
Mynd 6 - Grunnvatnsalda, Sænautasel og nágrenni	7
Mynd 7 - Vaðbrekkuháls	9
Mynd 8 - Uppgræðslur undir Búrfelli	9
Mynd 9 - Laugavalladalur nyrst	9
Mynd 10 - Grænöxl	9
Mynd 11 - Grænöxl. Horft til uppgræðslusvæðis milli Djúpagils og Jöklu	9
Mynd 12 - Heiðarsel syðst	9
Mynd 13 - Heiðarsel syðst	10
Mynd 14 - Vel gróið mólendisvæði við Ánavatn	10
Mynd 15 - Horft yfir Jöklu í átt að Vaðbrekkuhálsi. Skil sjást í miðju fjallinu en enn mátti sjá græna slikju þar sem borið var á í ár (til vinstri) saman borið við sinu fyrri ára (til hægri). ...	11
Mynd 16 - Uppgræðslur undir Búrfelli. Ekki var borið á hér 2022. Í fjarska, hinumeginn árinna má sjá Haugssvæði	11
Mynd 17 - Laugavalladalur nálægt baðstað. Ekkert var borið á í Laugavalladal árið 2022. ...	11
Mynd 18 - Laugavalladalur neðst/nyrst. Ekkert borið á 2022 en hér sést að góð gróðurþekja er komin á svæðið og jarðvegur varinn fyrir rofi.	11
Mynd 19 - Grænöxl. Hér hefur eitthvað farið úrskeiðis við áburðardreifingu en augljósar rendur eru á svæðinu þar sem áburðurinn hefur lennt	11
Mynd 20 - Grænöxl. Hluti svæðis sem ekki var borið á í ár.	11
Mynd 21 - Vörðuhraun. Áhrif dreifingar 2022 vel merkjanleg.	12
Mynd 22 - Sama svæði. Lífræn skán og mosi loka nánast jarðveginum.	12
Mynd 23 - Heiðarsel syðst. Enn mátti merkja augljós áhrif áburðardreifingar ársins.	12
Mynd 24 - Sama svæði og til hliðar. Mosi og skán augljós á milli grasþúfna	12
Mynd 25 - Heiðarsel norðurendi. Áburðaráhrif greinileg sem græn slikja á svæðinu en uppgræðsla er skammt komin.	12
Mynd 26 - Gróðurframvindan skammt á veg komin við nyrðri enda Heiðarsels. Sjá má að jarðvegurinn er berskjaldaður og óvarinn fyrir veðráttu á milli gróðurbletta.	12
Mynd 27 - Uppgræðsla við Bjallkollu. Svæðið nær á myndinni fékk ekki áburð í ár en svæðið handan raflínustauranna fékk áburð og má greina áburðaráhrif á því svæði.	13


af áburði á Heiðarselssvæði (mynd 2). Handdreifingin var framkvæmd af unglingavinnuhópi Landsvirkjunar undir handleiðslu Arnórs Benediktssonar að vanda.



Mynd 1 - Magn áburðar dreift (í tonnum) á árunum 2003-2022



Mynd 2 - Magn fræs notað (í kg) á árunum 2003-2022



Mynd 3 - Ábornir hektarar á árunum 2003-2022

Sumarið 2022 hóf Landgræðslan úttekt á uppgræðslum Landbótasjóðs Norður-Héraðs að beiðni Landsvirkjunar, en henni mun ljúka haustið 2023. Tilgangurinn með þessari úttekt er að fá almennt stöðumat á uppgræðslusvæðunum, meta hversu langt uppgræðslurnar eru komnar og skipuleggja framhald verkefna. Aðgerðir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs ná í dag yfir 66 km² af landi en upprunalega stóð til að græða upp um 32 km² til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Háslón. Úttekt á svæðum er því æskileg til að meta hvaða svæði þurfa ennþá stuðning og hvaða svæði, ef einhver, geta talist orðin sjálfbær og haldið sinni framvindu áfram hjálparlaust.

3 Framkvæmdir árið 2022

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2022 með dreifingu á tilbúnum áburði á rofsvæðum uppi á heiði. Framkvæmt var á átta svæðum sem fengu eins og áður sagði 51,5 tonn af áburði (tafla 2).

Tafla 2 - Svæði sem fengu áburð árið 2022 og umfang aðgerða á hverju svæði

Heiti svæðis	Stærð (ha)	Magn áburðar (kg)
Vaðbrekkuháls	22,9	4.000
Brú – Grænöxl	52,3	7.000
Brú – Vörðuhraun	42,8	5.800
Heiðarsel syðst	31,3	4.000
Heiðarsel nyrst	54,1	8.250
Grunnavatnsalda	75,8	9.950
Gildra	42,4	5.500
Bjallkolla	53	7.000
Samtals	374,6	51.500

Leitað var tilboða í áburð frá helstu áburðarsölum og bárust tilboð frá þeim flestum. Áburðartegundin sem var valin þetta árið var Urea 38-8 frá Fóðurlöndunni. Var hann afgreiddur frá Reyðarfirði og var það Sigurður H. Jónsson sem sá um að keyra honum á svæðin.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs Norður-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, Árni Jón Þórðarson og Marteinn Óli Aðalsteinsson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu dagana 30. júní. – 1. júlí.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð Norður-Héraðs. Arnór Benediktsson stýrði hópnum sem dreifði 1 tonni af áburði ásamt 80 kg af fræi á Heiðarselssvæðinu. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.


Engar landgræðsluaðgerðir voru á áreyrum árið 2022 enda uppgræðslur þar flestar mjög langt komnar í sinni framvindu.

Engar bændaúthlutanir voru þetta árið á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs og engin dreifing á bændasvæðum.


3.1 Kort af framkvæmdum sjóðsins.

Aðeins var framkvæmt á 3 af 5 yfirlitssvæðum sjóðsins árið 2022, Botnahrauni og nágrenni (mynd 4), svæðum við Brú á Jökuldal (mynd 5) og svo svæðunum við Grunnvatnsöldu, Sænautasel og nágrenni (mynd 6). Hér eftirfylgjandi eru kort af framkvæmdum sjóðsins árið 2022 á þessum svæðum. Á þeim má lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins og aðgerðir ársins 2022 eru afmarkaðar sérstaklega. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10m x 10m flöt og þar með vísbending um hve mikla meðferð svæðið hefur fengið frá upphafi aðgerða þar.


Ekki var unnið á syðstu svæðunum í nágrenni Háslóns né á áreyrum Jöklu og því voru ekki unnin aðgerðarkort af þeim svæðum. Til að skoða þau svæði er bent á ársskýrslu Landbótasjóðs Norður-Héraðs frá árinu 2021 sem hægt er að nálgast inn á vefnum sjalfbaerni.is.



Mynd 4 - Botnahraun og nágrenni. Hér var borið á yngstu svæðin



Mynd 5 - Brú og nágrenni



Mynd 6 - Grunnvatnsalda, Sænautasel og nágrenni

4 Árangursmat – skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman eftir þörfum 2022. Í henni sitja Jón Hávarður Jónsson fyrir Fljótsdalshérað, sem kom aftur seinni part árs eftir að hafa verið tímabundið skipt út fyrir Guðfinnu Hörpu Árnadóttur, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Sigríður Þorvaldsdóttir og Gústav M. Ásbjörnsson Landgræðslunni, fyrri hluta árs en Hrafnkatla Eiríksdóttir tók við á haustmánuðum. Nefndin er stjórn til ráðgjafar m.a. vegna tilboða í áburðarkaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annast svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Jökuldalsheiðin

Veturinn var frekar snjóléttur niðri í byggð en aðeins meiri á heiðinni. Vorið og sumarið var fremur kalt en þó voru óvanalega fáar frostnætur þar sem frostið fór mikið niður fyrir 0°C í maí. Var það áberandi í byrjun sumars að víðir og lyng fór snemma af stað og var allt orðið grænt og fallett í lok maí, á meðan grös og annar gróður fór mun seinna af stað. Áburðarbreiðsla fór fram á svipuðum tíma og undanfarin ár eða um mánaðamótin júní/júlí. Sumarið var heldur kalt og þá sérstaklega samanborið við fyrra ár. Það var einnig nokkur úrkoma um sumarið en þó ekki þannig að það hamlaði gróðurvexti. Mikið rok gerði 7. júlí sem með fylgdi moldarryksmökkur frá Dyngjufjöllum og Háslóni, sem gæti haft smá áfok á svæðið í för með sér. Sömuleiðis gekk óveður yfir Austurlandið í lok september áður en haustúttektin var farin. Haustið var þó gróðri ágætlega hagstætt og frost og varanlegur snjór kom óvanalega seint í ár. Árangur breiðslu ársins var eftir atvikum, ágæt.

4.1.1 Vorkoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina fimmtudaginn 16. júní 2022 af ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður-Héraðs (Jón, Dagbjartur, Gústav og Sigríður). Ferðin var farin í blíðskaparveðri og aðstæður til skoðunar góðar. Snjórinn að mestu farinn úr heiðinni og uppgræðslusvæðin auð. Eins og áður sagði voru litlar frosthörkur í maí sem olli því að runnagróður tók snemma við sér þetta árið og er dæmi um fallett runnagróðurlendi sem skoðað var í ferðinni á mynd 14, sem sýnir ástandið á slíkum svæðum þetta árið.

Meðfylgjandi eru myndir úr ferðinni.



Mynd 7 - Vaðbrekkuháls



Mynd 8 - Uppgræðslur undir Búrfelli



Mynd 9 - Laugavalladalur nyrst.



Mynd 10 - Grænöxl



Mynd 11 - Grænöxl. Horft til uppgræðslusvæðis milli Djúpagils og Jöklu.



Mynd 12 - Heiðarsel syðst



Mynd 13 - Heiðarsel syðst



Mynd 14 - Vel gróið mólendissvæði við Ánavatn

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina fimmtudaginn 6. október 2022 af ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður-Héraðs (Dagbjartur og Hrafnkatla, Guðfinna forfölluð). Aðstæður til vettvangsskoðunar voru góðar. Farið var upp Jökuldalinn yfir í Hrafnkelsdal, þar upp Skænudal og inn að Háslóni. Ekið var yfir Kárahnjúkavirkjun, kíkt við í Laugarvalladal og haldið áfram að uppgræðslusvæðum við Brú og þá beygt eftir vegi 907 í áttina að Grunnavatnsöldu og Sænautasels uppgræðslum.

Gott veður var til skoðunar, skýjað en bjart og gott skyggni og heiðin auð. Í lok skoðunarferðar byrjaði þó að snjóa og hafði áhrif á útsýni á síðustu svæðunum utan við Sænautasel. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem teknar voru á uppgræðslusvæðum Jökuldalsheiðarinnar.



Mynd 15 - Horft yfir Jöklu í átt að Vaðbrekkuhálsi. Skil sjást í miðju fjallinu en enn mátti sjá græna slikju þar sem borið var á í ár (til vinstri) saman borið við sinu fyrri ára (til hægri).



Mynd 16 - Uppgræðslur undir Búrfelli. Ekki var borið á hér 2022. Í fjarska, hinumeginn árinna má sjá Haugssvæði.



Mynd 17 - Laugavalladalur nálægt baðstað. Ekkert var borið á í Laugavalladal árið 2022.



Mynd 18 - Laugavalladalur neðst/nyrst. Ekkert borið á 2022 en hér sést að góð gróðurþekja er komin á svæðið og jarðvegur varinn fyrir rofi.



Mynd 19 - Grænöxl. Hér hefur eitthvað farið úrskeiðis við áburðardreifingu en augljósar rendur eru á svæðinu þar sem áburðurinn hefur lennt.



Mynd 20 - Grænöxl. Hluti svæðis sem ekki var borið á í ár.



Mynd 21 - Vörðuhraun. Áhrif dreifingar 2022 vel merkjanleg.



Mynd 22 - Sama svæði. Lífræn skán og mosi loka nánast jarðveginum.



Mynd 23 - Heiðarsel syðst. Enn mátti merkja augljós áhrif áburðardreifingar ársins.



Mynd 24 - Sama svæði og til hliðar. Mosi og skán augljós á milli grasþúfna.



Mynd 25 - Heiðarsel norðurendi. Áburðaráhrif greinileg sem græn slikja á svæðinu en uppgræðsla er skammt komin.



Mynd 26 - Gróðurframvindan skammt á veg komin við nyrðri enda Heiðarsels. Sjá má að jarðvegurinn er berskjaldaður og óvarinn fyrir veðráttu á milli gróðurbletta.



Mynd 27 - Uppgræðsla við Bjallkollu. Svæðið nær á myndinni fékk ekki áburð í ár en svæðið handan raflínustauranna fékk áburð og má greina áburðaráhrif á því svæði.

4.2 Áreyrar

Engin skoðunarferð var farin á vegum ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs á áreyrarnar þetta árið og enginn áburður var borinn á svæðin í sumar. Svæðið var kortlagt í sumar með tilliti til árangurs uppgræðslna á svæðunum og komu þau flest mjög vel út og uppgræðslur langt komnar eða lokið á stórum svæðum.

5 Fundargerðir stjórnar 2022

5.1 Fundargerð 105.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 20.01.2022. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir. Björn Hallur Gunnarsson er fjarverandi og boðaður varamaður Sólrún Hauksdóttir forfallaðist.

Sigvaldi setti fund kl: 14:00.

1. Ársreikningur 2021 lagður fram til undirritunar og samþykktar.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi frá Deloitte mætti til fundar undir þessum lið. Fór yfir ársreikning 2021. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2020). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 307.774.412 (306.534.632) Til ráðstöfunar á árinu 2022 eru áætlaðar 15,9 millj. kr. sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 0,03%.

Áætlun ársins 2021 gerði ráð fyrir að Landbótasjóðurinn hefði 15,4 milljón til ráðstöfunar á árinu 2021. Sú áætlun byggði á þeirri forsendu að verðbólga yrði 3,0% og að innlánsvextir yrðu óbreyttir.

Vegna aðstæðna sem rekja má til Covid-19 þá varð verðbólga ársins 4,83 % á sama tíma og innlánsvextir lækkuðu um 0,5 %. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2021 varð því neikvæð um 0,24 %. Afleiðing þessa er að ráðstöfunarfé ársins varð 13,5 milljónir eða 1,9 milljónum minni en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Vegna aðhalds stjórnar í rekstri varð rekstrarkostnaður sjóðsins auk kostnaðar við landbætur 13,2 milljónir á árinu 2021. Óráðstafað í árslok er 0,3 milljónir sem koma til ráðstöfunar á árinu 2022. Að lokinni yfirferð var reikningurinn borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikningurinn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkun koman sem og veitt þjónusta Deloitte, vék hann hér af fundi.

2. Útgjaldaáætlun 2022.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2022 sem rúmast innan þeirra heimildar sem kynnt var undir 1. lið þessa fundar.

Þóknun vegna fundarsetu 2022 verði þau sömu og áður þ.e. taki mið af launataxta FOSA launaflokkur 120, 1. þrep eins og hann er á útborgunardegi launa. Nefndarmönnum verði greitt 12 % af umræddum taxta fyrir hvern setinn fund. Laun formanns 25 % af taxta. Akstur verði greiddur eftir ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða.

3. Áburðarkaup 2022.

Mætt er fulltrúar ráðgjafanefndar Jón Hávarður Jónsson og Dagbjartur Jónsson sem og í fjarfundi á Teams Gústaf Ásbjörnsson og Sigríður Þorvaldsdóttir frá Landgræðslunni.

Ráðgjafanefnd hefur komi sér saman um tillögu að hlutfall fosfórs (P) á móti köfnunarefni (N) sé að minnsta kosti 8,5 %. Það er breyting frá fyrra ári, en þá var hlutfallið 15,4%. Breyting þessi kemur til vegna hækkunar á áburðarverði og þá sérstaklega verði á köfnunarefni (N).

Stjórn felur formanni að gera verðkönnun á grundvelli tillögu ráðgjafanefndar frá áburðarsölum Búvís, Fóðurlöndunni, Sprett og Yara í allt að 60 tonn.

Opnun verðtilboða verður haldinn á Hótel Héraði þann 27.janúar 2022 kl 14:10 á stjórnarfundum sem haldinn verður með ráðgjafanefnd. Einum fulltrúa frá hverjum áburðasala gefst kostur á að sitja undir dagskrálinum opnun tilboða á fundinum. Við fundarboðun verður minnt á að virða fjarlægðarmörk og gæta ýtrustu sóttvarna.

Samþykkt.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

5. Undirritun fundargerðar frá 06.07.2022.

Fundargerðin hefur verið samþykkt með tölvupóstum er hún því til hér einungis til undirritunar.

6. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verður undirrituð og staðfest á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 16:20.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.2 Fundargerð 106.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 27.01.2022. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Sólrún Hauksdóttir varamaður í forföllum Björns Halls Gunnarssonar. Katrín Ásgeirsdóttir boðaði forföll. Aðrir varamenn áttu ekki kost á að mæta enda fyrirvari stuttur.

Sigvaldi setti fund kl 14:00.

1. Opnun á verðkönnun.

Mættir til fundar auk stjórnar; Dagbjartur Jónsson og Jón Hávarður Jónsson einnig eru á Teams Sigríður Þorvaldsdóttir og Gústav Ásbjörnsson frá ráðgjafanefnd. Einnig mættir eftirtaldir fulltrúar söluaðila; Jón Björgvin Vernharðsson frá Skeljungi og Jón Steinar Elísson frá Sláturfélagi Suðurlands. Þá hefur borist tilboð frá Búvís í lokuðu umslagi og Fóðurlöndunni í tölvupósti til formanns.

Eftirfarandi verð hafa borist.

Tafla yfir verð á áburð 2022 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

	Tegund	magn tn.	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	Annað
Yara tilboð 1	NPK 26-4	60	158.840	9.511.296	15.5.22	
Yara tilboð 2	NPK 27-3-3	60	157.473	9.448.354	15.5.22	
Yara tilboð 3	NPK 25-2-6	60	147.915	8.874.878	15.5.22	
Spettur	25-5	60	148.676	8.920.560	15.5.22	
Fóðurblandan	38-8	60	195.409	11.724.562	10.5.22	Ath magnverð
Búvís	Völlur 27- 12	60	155.992	9.359.520	15.5.22	
Búvís	Völlur 30- 10	60	169.756	10.185.360	15.5.22	

Stjórn þakkar áburðarsölum innsend verðboð, þeir yfirgefa fundinn kl 14:50.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla innsendra verðboða í áburð.

Að tillögu ráðgjafanefndar er formanni falið að ganga til samninga við Fóðurblanduna um kaup á 51 tonni af Uera 38-8 fyrir kr. 9.965.859 með vsk. eða kr.195.409 per tonn. Áburðurinn verði afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur að fullu.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá Landsvirkjun

Lagt er fyrir fundinn bréf frá Ásrúnu Elmarsdóttur og Árna Óðinssyni fh. Landsvirkjunar dagsett 24. janúar 2022.

Erindið varðar að Landsvirkjun hyggst fá Landgræðsluna til að taka saman upplýsingar um stöðu aðgerða á uppgræðslusvæðum sjóðsins. Niðurstaða þessarar vinnu ætti að geta nýst ráðgjafanefnd næstu árin í áætlanagerð.

Stjórn og ráðgjafanefnd fagna þessari vinnu og vænta góðs samstarfs við þessa greiningu

Samþykkt.

4. Svar frá Landsneti vegna liðar 2. á 104.fundi stjórnar 6.júlí 2021.

Svar barst frá Daníel Scheving Hallgrímsson verkefnastjóra með tölvupósti 7. júlí 2021 svohljóðandi: „Bókunin fellur vel að markmiðum Landsnets, að skilja við svæðið í sem bestu ástandi og með minnstu mögulegu áhrifum. Við höfum væntingar um að verktakinn sem var fenginn í verkefnið, eftir ábendingar fólks sem þekkir til, sé ansi fær í þessháttar vinnu. Þjórn mun svo vera honum innan handar og fylgja eftir að þetta sé gert með fullnægjandi hætti.“

Tilv. lýkur.

Til kynningar.

5. Önnur mál.

5.1 Sólrún spurði um hveirra væri að fjármagna verkefni tengd landbroti. Gústaf og Sigríður upplýstu að Landgræðslan veitir styrki til slíkra verkefna.

6. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 20.01.2022.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

7. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl 16:15.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.3 Fundargerð 107.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 6.4.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Sólrún Hauksdóttir varamaður í forföllum Björns Halls Gunnarssonar. Katrín Ásgeirsdóttir boðaði forföll og ekki tókst að fá varamann í hennar stað. Einnig eru mættir Dagbjartur Jónsson og Jón Hávarður Jónsson og á Teams eru Sigríður Þorvaldsdóttir og Gústav Ásbjörnsson frá ráðgjafanefnd.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Erindi frá Landsnet.

Lagður er fyrir tölvupóstur dags 28.3.2022 ásamt fylgiskjali frá Landsnet um endurheimt landgæða og uppgræðslu lands vegna Kröflulínu 3 frá Jökulsá á Fjöllum að Fljótsdalsstöð. Erindið varðar hvort Landbótasjóður er tilbúinn til samstarfs við Landsnet og gerðar samstarfssamnings um verkefnið. Um er að ræða uppgræðslu á 206 ha af landi auk þess að útvega 12 ha vegna endurheimt votlendisvistkerfis.

Eftirfarandi tillaga er lögð fram.

Landbótasjóður er tilbúinn til viðræðna við Landsnet um þurrlandishluta verkáætlunarinnar og eða ráðgjöf varðandi val á uppgræðslusvæðum, enda fylgi verkefninu nægt fjármagn til allra þátta verksins. Verði af samstarfssamningi yrði uppgræðslu á nýjum svæðum og allt utan um hald haldið utan núverandi landbótastarfs.

Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um jákvæð viðbrögð frá núverandi fjármagnsaðila sjóðsins og ráðgjafanefndar.

Samþykkt.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál borin upp.

3. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 27.01.2022.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

4. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl 16:20.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.4 Fundargerð 108.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs þriðjudaginn 28.6.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Sólrún Hauksdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar, Katrín Ásgeirsdóttir er fjarverandi. Einnig eru mættir fulltrúar ráðgjafanefndar Jón Hávarður Jónsson og Dagbjartur Jónsson, og í fjarfundi eru Sigríður Þorvaldsdóttir og Gústav Ásbjörnsson
Sigvaldi setti fund kl 15:00

1. Skipun stjórnar.

Á fundi Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 27.6.2022 var eftirfarandi bókað varðandi skipun stjórnar næsta kjörtímabil., *Heimastjórn Fljótsdalshéraðs frestar tilnefningu í stjórn Landbótasjóðsins og ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf til næsta fundar. Heimastjórnin felur núverandi stjórn Landbótasjóðsins áframhaldandi umboð til að fara með verkefni stjórnarinnar þar til ný stjórn hefur verið skipuð.* “
Til kynningar.

2. Undirritun og samþykkt 107. fundargerðar frá 06.04.2022.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt

3. Erindi Landsnet.

Málið áður á dagskrá 107.fundar 6.4.2022.

Formaður upplýsti fundarmenn um samtali við Kristínu Lindu Árnadóttur aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar vegna málsins og fylgt eftir með erindi til Landsvirkjunar í tölvupósti dags 20.4.2022. Engin svör hafa enn borist vegna þeirrar umsagnarbeiðni.

Eftirfarandi tillaga lög fram.

Stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs fellur frá frekari skoðun á að taka þetta verkefni að sér og felur formanni að senda Landsnet svar þess efnis. Landbótasjóður og ráðgjafanefnd eru þó tilbúinn til að benda á svæði sem gætu hentað Landsneti til uppgræðslu án frekari aðkomu að verkefninu.

Samþykkt samhljóða.

4. Verkáætlun landbótastarfs 2022 – tillögur ráðgjafanefndar.

Þann 16. júní sl. fór ráðgjafanefnd í skoðunarferð um uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði sem og Hrafnkeldsdal. Ekki var farin skoðunarferð á áreyrar Jökulsár í Jökulsárhlíð og Hróarstungu að þessu sinni en stefnt er á skoðunarferð þangað í haust. Landgræðslan hefur hafið kortlagningu uppgræðslusvæða sjóðsins að beiðni Landsvirkjunar. Stefnt er á að þeirri vinna verði að mestu lokið á þessu ári.

Jón Hávarður gerði grein fyrir áætlun nefndarinnar og útteilingu þeirra 51 tonna af áburði sem borin verða á þetta sumarið. 4 tonn fara á Hrafnkeldsalssvæði, 46 tonn á Jökuldalsheiði og Brúarsvæði. Ekkert verði borið á áreyrar í Hróarstungu og í Jökulsárhlíð, þá verði ekki úthlutað í svokölluð framlög til bænda. Auk þessa er gert ráð fyrir að sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar undir stjórn Arnórs Benediktssonar muni dreifa 1. tonn af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar fræðreifingu en Arnóri er falið að meta þörf fyrir fræð venju. Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu á áður nefnd svæði nú þegar.

Verkáætlun ráðgjafarnefndar 2022 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn felur Jóni Hávarði Jónssyni fulltrúa í ráðgjafnefnd að kynna verktökum samþykka verkáætlun.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn til yfirlstrar og samþykktar. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl 16:15.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.5 Fundargerð 109.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs mánudaginn 7.11.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Þorvaldur P. Hjarðar, Linda Björk Kjartansdóttir og Sólrún Hauksdóttir í fjarfundi.

Þorvaldur setti fund kl 14:15

1. Skipun stjórnar.

Heimastjórn tilnefndi Þorvald P. Hjarðar, Lindu Björk Kjartansdóttir og Sólrúnu Hauksdóttir í stjórn Landbótasjóðs og ákváðum við að skipta þannig verkum að Þorvaldur verður formaður, Sólrún meðstjórnandi og Linda ritari.

2. Verkefni sjóðsins

Verkefni sjóðsins rædd og stjórnin setur sig inn í starfið.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

4. Afgreiðsla fundargerðar.

Ritara falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn til yfirlstrar og samþykktar. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl 15:15.

Fundargerð ritar Linda Björk Kjartansdóttir.

5.6 Fundargerð 110.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs þriðjudaginn 29.11.2022. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Múlaþings, Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Þorvaldur P. Hjarðar, Linda Björk Kjartansdóttir og Sólrún Hauksdóttir. Einnig eru mætt Jón Hávarður Jónsson, Dagbjartur Jónsson, Hrafnkatla Eiríksdóttir og Agnar Benediktsson

Þorvaldur setti fund kl 16:00

1. Ráðgjafa nefndin

Ráðgjafa nefndin greindi okkur frá hvernig þeirra vinnu er háttað. Farið er í ferð á vorin til að meta svæðin og uppgærðslu svæði ákvörðuð út frá því. Með hækkandi áburðarverði er ekki hægt að hefja dreyfingu á nýjum svæðum. Áreyrar í Hróarstungu og áreyrar í Jökulsárhlíð fara að verða sjálfbærar.

2. Verkefni sjóðsins

Samningurinn við Landsvirkjun mun breytast eithvað við endurnýjun hans. Verður opnari og meiri spáð í kolefnisspor. Samningurinn við verktakana gildir í eitt ár í viðbót.

3. Hugmyndir við uppgræðslu

Agnar kynnti okkur fyrir hugmyndum að landgræðslu. Áburðarverð hefur hækkað og hvort hagkvæmar sé að hreinsa sinu af túnum og dreyfa í rofabörð og á mela.

Hrafnkatla var búin að spyrjast fyrir innan Landgræðslunar og ekki eru til neinar tölur um hversu vel heyrúllur vikra í uppgræðslu.

Hugmyndir um hvort væri hægt að fá styrki og koma af stað rannsóknarverkefni um gæði heyrúllna við uppgræðslu.

Úrgangur frá fiskeldi á landi til uppgræðslu er í rannsókn fyrir norðan. Fylgjast með framvindu mála þar. Um úrganginn gilda sömu reglur og um kjötmjöl því þarf að friða landið í einhvern tíma.

4. Önnur mál.

Formaðurinn fær samþykki stjórnarmanna að tala við Ingibjörgu Jónsdóttir.

5. Afgreiðsla fundargerðar.

Ritara falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn til yfirlstrar og samþykktar. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundarslit 16:57

Fundargerð ritar Linda Björk Kjartansdóttir.

**Landbótasjóður
Norður-Héraðs**

Ársreikningur

2022

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2022

Efnisyfirlit	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	4
Yfirlit um ráðstöfunarfé	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7-9
Skýringar og sundurliðanir	

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaradgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem getu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2022, hreinni eign hans 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 30/3en 2023

Deloitte ehf.



Sigurdur Alfgeir Sigurdarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álitu stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 12,0 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 0,3 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2022 nam 14,5 millj. kr., og umfram ráðstafað í árslok 2,3 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2023 geti orðið u.þ.b. 13,0 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 30/Jan 2023

Í stjórn


Linda Björk Kjartansdóttir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2022

	Skýr.	2022	2021
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	8.138.329	7.129.683
Hreindýraarður		151.706	327.354
		<u>12.290.035</u>	<u>11.457.037</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	30.629.554	16.770.812
Fjármagnstekjuskattur	8	(6.738.501)	(3.689.578)
Vaxtagjöld	8	(20)	0
		<u>23.891.033</u>	<u>13.081.234</u>
		<u>36.181.068</u>	<u>24.538.271</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(14.493.921)	(13.242.295)
		<u>(14.493.921)</u>	<u>(13.242.295)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(11.528.818)	(10.056.196)
		<u>(11.528.818)</u>	<u>(10.056.196)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
	5	10.158.329	1.239.780
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>
Hrein eign í árslok			
	5	<u>317.932.741</u>	<u>307.774.412</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	0	11.528.818
		<u>0</u>	<u>11.528.818</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		145.861	148.260
Skammtímakröfur		2.391.932	2.286.944
		<u>2.537.793</u>	<u>2.435.204</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	316.787.956	293.810.390
		<u>316.787.956</u>	<u>293.810.390</u>
		<u>319.325.749</u>	<u>307.774.412</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		1.341.090	0
Annar ógreiddur kostnaður		51.918	0
		<u>1.393.008</u>	<u>0</u>
Hrein eign		<u>317.932.741</u>	<u>307.774.412</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	(2.265.126)	278.279
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>320.197.867</u>	<u>307.496.133</u>
Hrein eign samtals		<u>317.932.741</u>	<u>307.774.412</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	12.138.329	11.129.683
Aðrar innborganar tekjur		46.718	255.439
Innborgaðir vextir	8	23.891.053	13.081.234
		<u>36.076.100</u>	<u>24.466.356</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(13.098.514)	(13.217.776)
Vaxtagjöld	8	(20)	0
		<u>(13.098.534)</u>	<u>(13.217.776)</u>
Hækkun á handbæru fé		22.977.566	11.248.580
Handbært fé í ársbyrjun		<u>293.810.390</u>	<u>282.561.810</u>
Handbært fé í lok árs		<u>316.787.956</u>	<u>293.810.390</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjálst til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög frá Landsvirkjun samkvæmt samningi, auk viðauka við samninginn, við Norður-Hérað námu alls kr. 220.000.000, og voru þau greidd á 20 árum. Framlögin voru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og var grunnvísitalan miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Austurlands.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2022	2021
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	307.496.133	307.256.370
Verðtrygging höfuðstóls	28.711.627	14.882.436
Laust til ráðstöfunar, 1/21 (1/22) hluti	(16.009.893)	(14.642.673)
	<u>320.197.867</u>	<u>307.496.133</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	278.279	(721.738)
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	16.009.893	14.642.673
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	(4.211.083)	(727.715)
Hreindýraarður	151.706	327.354
Ráðstafað á árinu	(14.493.921)	(13.242.295)
Ráðstafað á árinu	(2.265.126)	278.279
(Ofráðstöfuð) óráðstöfuð heimild í árslok	<u>317.932.741</u>	<u>307.774.412</u>
Hrein eign samtals		

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2022	2021
Vextir af bankareikningi.....	30.629.554	16.770.812
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(6.738.501)	(3.689.578)
Vaxtagjöld	(20)	0
	<u>23.891.033</u>	<u>13.081.234</u>

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	9.965.878	8.132.292
Aðkeypt vinna verktaka	1.864.200	2.755.474
Flutningskostnaður	635.798	868.198
Vinnulaun	1.002.344	557.709
Akstur	166.080	83.220
Tryggingagjald	80.027	43.009
Lífeyrissjóður	91.841	64.137
Lífeyrissjóður	798	559
Endurhæfingarsjóður	26.995	96.246
Fundakostnaður	290	23.699
Annar ósundurliðaður kostnaður	659.670	617.752
Aðkeypt sérfræðisþjónusta	<u>14.493.921</u>	<u>13.242.295</u>